



Reykjanesbær, 14. ágúst 2026

722. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
18. ágúst 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerð bæjarráðs 13. ágúst 2026 (2026010008)
2. Fundargerð skipulagsráðs 7. ágúst 2026 (2026010016)
3. Fundargerð velferðarráðs 13. ágúst 2026 (2026010017)
4. Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs 14. ágúst 2026 (2026060411)
5. Þjóðaratkvæðagreiðsla 29. ágúst 2026 - kosning undirkjörstjórnar (2026060264)



Fundargerð

1574. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910,
13. ágúst 2026, kl. 08:00

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárason formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Vatnsnesvegur 8 - veðsetning KEF ehf. á 49% hlut sínum (2026080004)

Unnar Steinn Bjarnaldur bæjarlögmaður situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram beiðni um heimild til veðsetningar á eignahlut KEF ehf. á eigninni Vatnsnesvegi 8 (F2091091), 230 Reykjaneshæ.

Bókun minnihluta bæjarráðs:

„Bæjarfulltrúar Framsóknar og Samfylkingar geta ekki samþykkt beiðni um heimild til veðsetningar á Vatnsnesvegi 8.

Í dánargjafabréfi Bjarnfríðar Sigurðardóttur dagsettu 25. febrúar 1969 kemur fram að óheimilt er að veðsetja eignina að Vatnsnesvegi 8. Í samstarfssamningi Reykjaneshæjar og KEF ehf. sem undirritaður var 11. október 2022 stendur einnig orðrétt „Í niðurlagi dánargjafar Bjarnfríðar kemur fram að óheimilt sé að selja, gefa eða veðsetja eignina.“ Hér liggur fyrir að sérstaklega hefur verið kveðið á um bann við veðsetningu og að samstarfssamningurinn frá 2022 staðfestir þá túlkun.

Þó meginreglan sé almennt sú að eigandi eignarhlutar geti ráðstafað honum að vild þá verður ekki séð að heimilt sé að samþykkja veðsetningu 49% eignarhlutar KEF ehf. í Vatnsneshúsinu þar sem hún samræmist ekki þeim kvöðum og takmörkunum sem hvíla á eigninni samkvæmt dánargjafabréfi og samstarfssamningi.

Það er því mat okkar að ekki verði hægt að fallast á að veðsetning í Vatnsneshúsinu sé heimil. Áður en slík ráðstöfun yrði samþykkt þyrfti a.m.k. að liggja fyrir skýr lagaleg heimild fyrir því að víkja frá þeim kvöðum sem leiða af dánargjafabréfinu og samstarfssamningnum.“

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsóknarflokkki og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.

Fundarhlé sett kl. 8:35

Fundur aftur settur kl. 9:02

Bókun meirihluta bæjarráðs:

„Fyrir liggur þinglýst eignarheimild minnihlutaeiganda og á grundvelli hennar er honum heimilt að veðsetja sinn hluta og nær sú veðsetningarheimild ekki til eignarhluta sveitarfélagsins. Engar kvaðir hvíla á eigninni um að óheimilt sé að veðsetja fasteignina.

Enn á ný byggir því minnihlutinn bókanir sínar á röngum forsendum og misskilningi á málum.

Minnihlutinn leggur nú til að hafna beiðni minnihlutaeigenda fasteignarinnar um veðsetningarheimild með vísan til gjafabréfs fasteignarinnar til Reykjanesbæjar, þar sem kveðið var á um að gefanda væri óheimilt að selja, veðsetja eða gefa fasteignina eftir afhendingu hennar til sveitarfélagsins.

Í dánargjafabréfinu segir orðrétt:

„Óheimilt er mér að selja, gefa eða veðsetja eign þessa svo að í bága komi við gerning þennan“

Það fer því ekki á milli mála af orðalagi dánargjafabréfsins að Bjarnfríði Sigurðardóttur var óheimilt að veðsetja eignina. Sú takmörkun gildir einfaldlega ekki í dag, enda er Bjarnfríður ekki eigandinn.

Þrátt fyrir að núverandi minnihluti vísi til þessa sama skjals tóku fulltrúar hans, þegar þeir sátu í meirihluta, ákvörðun um að selja 49% eignarhlut í fasteigninni. Sú ráðstöfun gekk mun lengra en sú veðsetningarheimild sem nú er til umfjöllunar.“

Gunnlaugur Kárason Miðflokkki og Margrét Þórarinsdóttir og Kristján Pétur Kristjánsson Sjálfstæðisflokki.

Fundarhlé sett kl. 9:04

Fundur aftur settur kl. 9:13

Bókun minnihluta bæjarráðs:

„Í máli er varðar veðsetningu á hluta Vatnsnesshússins er alveg rétt að minnihluta eiganda er heimilt að veðsetja sinn hluta eignarinnar, um það deilum við ekki.

Þó er til grundavallar málsins dánargjafabréf fyrrum eiganda og samstarfssamningur Reykjanesbæjar við KEF ehf. Þar kemur fram að óheimilt sé að selja, gefa eða veðsetja eignina. Sú fullyrðing er tvíþætt, þ.e. það flækir samþykki sveitarfélagsins að heimila minnihluta eiganda veðsetninguna en einnig sölu hússins til hans á sínum tíma. Að því liggja þó fyrir rök sveitarfélagsins sem byggja á samkomulagi við landeigendur, Vatnsnesbúið landeigendafélag sf. frá árinu 2021 auk ákvörðun bæjarstjórnar á þeim tíma að fara umrædda leið til að stuðla að uppbyggingu og viðhaldi hússins. Sala hússins var gerð í samráði við landeigendur, bæjarlögmann og lögfræðistofuna Lögmennt Suðurlands. Þar er ekki tekið sérstaklega á veðsetningu hússins og á því byggjum við okkar afstöðu í málinu.“

Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu og Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn.

Fundarhlé sett kl. 9:38

Fundur aftur settur kl. 9:42

Beiðnin samþykkt 3-2. Meirihluti bæjarráðs Gunnlaugur Kárason Miðflokkki, Margrét Þórarinsdóttir og Kristján Pétur Kristjánsson Sjálfstæðisflokki samþykkja beiðnina. Halldóra

Fríða Þorvaldsdóttir Framsóknarflokk og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu greiða atkvæði á móti.

2. Undirkjörstjórn - breyting á útreikningi launa (2026080014)

Þóunn Kristín Grétarsdóttir, forstöðumaður launa- og kjaradeildar, situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lagðar til breytingar á útreikningi launa fyrir vinnu undirkjörstjórnar við kosningar sem munu þá taka kjarasamningsbundna hækkun launa 1. apríl ár hvert.

Bæjarráð samþykkir 5-0.

3. Launað námsleyfi - verklagsregla (2026060125)

Þóunn Kristín Grétarsdóttir, forstöðumaður launa- og kjaradeildar, situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram drög að verklagsreglu um launað námsleyfi starfsfólks Reykjanesbæjar.

Bæjarráð samþykkir 5-0 framlögð drög.

4. Starf sviðsstjóra velferðarsviðs (2026080010)

Kristín Þórdís Þorgilsdóttir mannauðsstjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið

Lögð fram uppfærð drög að áætlun um ráðningarferli í starf sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjanesbæjar ásamt matsramma.

Bæjarráð samþykkir 5-0 framlögð drög og matsramma.

5. Fjárhagsáætlun 2027 - tekjuáætlun (2026070036)

Lagt fram minnisblað um áætlaðar skatttekjur Reykjanesbæjar 2027.

Bæjarráð mun vinna nánar með tillögur og upplýsingar um skatttekjur í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir árið 2027.

6. Kosningar í nefndir/stjórnir sbr. 58. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar (2026060015)

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja:

Tilnefnt er sem aðalmaður Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir (B) og sem varamaður Eva Stefánsdóttir (B). Samþykkt 5-0.

Menntaráð:

Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir (B) fer út sem varamaður, Ásta María Guðmundsdóttir (B) kemur inn sem varamaður.

Atvinnu- og hafnarráð:

Ásta María Guðmundsdóttir (B) fer út sem varamaður, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir (B) kemur inn sem varamaður.

7. Viðauki við fjárhagsáætlun - flutningur á milli deilda (2025060320)

Málinu frestað.

1. Úttektir á fjármálum og stjórnsýslu Reykjanesbæjar (2026070070)
Málinu frestað.
2. Lóðaframboð fyrir leiguhúsnæði (2026060438)
Málinu frestað.
3. Umsögn vegna rekstrarleyfis gististaðar - Antycyponek ehf., Hafnargata 76 (2026070292)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki II – Minna gistiheimili. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.
4. Umsagnarmál í samráðsgátt (2026010453)

Áform um skipulagsbreytingar lögreglunnar

<https://island.is/samradsgatt/mal/4285>

Á 1574. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar sem haldinn var þann 13. ágúst 2026 var fjallað um mál nr. S-138/2026 í samráðsgátt stjórnvalda, skipulagsbreytingar lögreglunnar.

Bæjarráð Reykjanesbæjar tekur heilshugar undir bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum er varðar mögulegar breytingar á skipan lögregluembætta.

Bókun SSS var svohljóðandi:

„Umsögn þessi var samþykkt á 825. fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, dags. 12. ágúst 2026.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (S.S.S.) leggst eindregið gegn því að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði sameinað öðru lögregluembætti og að sjálfstæð stjórnun þess verði lögð niður.

S.S.S. tekur undir að mikilvægt sé að starfsemi lögreglu þróist í takt við breyttar aðstæður, að samstarf lögregluembætta sé eflt og sameiginlegir innviðir nýttir þar sem slíkt leiðir sannanlega til betri þjónustu, aukins öryggis og skilvirkari nýtingar fjármuna. Slík markmið réttlæta hins vegar ekki að litið sé fram hjá þeirri sérstöðu sem starfsemi lögreglunnar á Suðurnesjum hefur og því mikilvæga hlutverki sem embættið gegnir fyrir öryggi landsins alls.

Sérstaða Suðurnesja

Suðurnes gegna einstöku hlutverki í landamæragæslu, löggæslu og öryggismálum Íslands. Á svæðinu er Keflavíkurflugvöllur, langstærsta alþjóðlega samgöngugátt landsins, auk mikilvægra innviða sem tengjast öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar.

Verkefni lögreglunnar á Suðurnesjum eru því bæði að umfangi og eðli frábrugðin verkefnum flestra annarra lögregluembætta. Samhliða almennri löggæslu í ört vaxandi samfélagi sinnir embættið umfangsmiklum verkefnum tengdum landamæraeftirliti, Keflavíkurflugvelli, alþjóðlegu samstarfi, almannavörnum og viðbrögðum við náttúruvá.

Að mati S.S.S. verður skipulag lögreglu að taka mið af þessari sérstöðu. Ekki er nægjanlegt að leggja sama skipulagslíkan að jöfnu yfir landið án þess að lagt sé sérstakt mat á þær þjóðaröryggislegu og samfélagslegu aðstæður sem eru fyrir hendi á Suðurnesjum.

Stjórn og ákvarðanataka verði áfram á svæðinu

S.S.S. leggur ríka áherslu á að stjórn, ábyrgð og ákvarðanataka vegna þessara mikilvægu verkefna verði áfram staðsett á Suðurnesjum, þar sem þekking, reynsla og samstarfstengsl hafa byggst upp til margra ára.

Í fyrirbyggjandi áformum er gert ráð fyrir að þar sem embætti verði sameinuð geti aðstoðarlögreglustjóri tryggt nálægð við ákvarðanatöku. S.S.S. telur að slíkt fyrirkomulag geti ekki án frekari rökstuðnings talist jafngilt því að á svæðinu starfi sjálfstæður lögreglustjóri með fullt stjórnunarumboð, ábyrgð og beina aðkomu að stefnumótandi ákvörðunum.

Því fjær sem yfirstjórn og endanlegt ákvörðunarvald færist frá Suðurnesjum, þeim mun meiri verður hættan á að sérþekking svæðisins fái minna vægi við ákvarðanatöku og að viðbragðsgeta og sveigjanleiki skerðist.

Það væri að mati S.S.S. sérstaklega varhugavert við núverandi aðstæður. Alþjóðlegt öryggisumhverfi hefur orðið flóknara, umfang starfsemi á Keflavíkurflugvelli er mikið og mikilvægi Íslands í öryggis- og varnarmálum hefur aukist.

Reynslan af almannavarnaverkefnum á Reykjanesskaga

Atburðir síðustu ára á Reykjanesskaga sýna með afgerandi hætti hversu mikilvægt er að öflug stjórnun og viðbragðsgeta sé til staðar á svæðinu sjálfu.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur gegnt lykilhlutverki í einhverju umfangsmesta og langvinnasta almannavarnaverkefni síðari ára vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjanesskaga. Við þær aðstæður hefur reynt á staðbundna þekkingu, skjót viðbrögð, samfellu í stjórnun og náð samstarf við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila.

Embættið hefur jafnframt byggt upp umfangsmikið samstarf við sveitarfélögin á Suðurnesjum, Ísavia, almannavarnir, Landhelgisgæsluna og aðra lykilaðila. Slíkt samstarf verður ekki metið eingöngu út frá fjölda stjórnenda eða stærð stjórnsýslueininga. Það byggir á trausti, þekkingu á staðbundnum aðstæðum og reynslu sem hefur skapast yfir langan tíma.

Á sama tíma hefur embættið þurft að starfa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og lengi hefur verið fyrirhuguð uppbygging nýrrar lögreglustöðvar í Reykjanesbæ. Að mati S.S.S. ætti forgangsverkefni stjórnvalda nú að vera að tryggja lögreglunni á Suðurnesjum viðunandi starfsaðstöðu, nægjanlegt bolmagn og stöðugleika til framtíðar fremur en að skapa frekari óvissu um yfirstjórn og skipulag embættisins.

Krafa um sérstakt áhrifamat

Áður en ákvörðun verður tekin um framtíð embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum telur S.S.S. því nauðsynlegt að lagt verði sérstakt mat á áhrif mögulegrar sameiningar á:

- öryggi og viðbragðsgetu á Suðurnesjum,
- landamæraeftirlit og starfsemi á Keflavíkurflugvelli,
- almannavarnir og viðbrögð við náttúruvá á Reykjanesskaga,
- þjónustu við íbúa og fyrirtæki á svæðinu,
- samstarf lögreglu við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila,
- varðveislu sérþekkingar og mannauðs innan embættisins,
- stjórnun, boðleiðir og hraða ákvarðanatöku við neyðaraðstæður,
- áhrif breytinganna á þjóðaröryggi.

Niðurstaða

S.S.S. telur að sameining embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum við annað embætti muni ekki bæta þjónustu, auka öryggi eða styrkja viðbragðsgetu á svæðinu. Ekki er heldur nægjanlegt að gera ráð fyrir að aukin stærð stjórnsýslueiningar leiði sjálfkrafa til aukinnar skilvirkni þegar verkefni embættisins eru jafn sérhæfð og raun ber vitni.

Með vísan til framangreinds leggst Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum eindregið gegn því að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði lagt niður sem sjálfstætt lögregluembætti eða sameinað öðru embætti.

S.S.S. telur þvert á móti brýnt að áfram verði byggt upp öflugt og sjálfstætt lögregluembætti á Suðurnesjum með þá stjórn, heimildir, mannafla, sérþekkingu og starfsaðstöðu sem nauðsynleg er til að sinna einu mikilvægasta landamæra-, almannavarna- og öryggissvæði Íslands.

S.S.S. leggur jafnframt áherslu á að sveitarfélögin á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum verði höfð með í virku og raunverulegu samráði áður en frekari ákvarðanir verða teknar um skipulag lögreglu á svæðinu.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum áskilur sér rétt til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri eftir því sem útfærsla fyrirhugaðra breytinga skýrist og að skila ítarlegri umsögn verði frumvarp þess efnis lagt fram.“

5. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 21. ágúst 2026 (2026080050)

Aðalfundarboð Samtaka orkusveitarfélaga lagt fram. Bæjarráð felur Gunnlaugi Kárasyni formanni bæjarráðs að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinn.

Kjörnefnd óskar eftir framboðum til formanns stjórnar og til stjórnar- og varastjórnar samtakanna sbr. meðfylgjandi erindi frá kjörnefnd. Framboð skulu berast eigi síðar en 13. ágúst nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50



Fundargerð

393. fundur skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
7. ágúst 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Gunnar Felix Rúnarsson formaður, Aðalgeir Jónsson, Birgir Már Bragason, Hjörtur Magnús Guðbjartsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingarfulltrúa og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Róbert Jóhann Guðmundsson boðaði forföll og sat Birgir Már Bragason fundinn í hans stað.

* * *

1. Brekkubýggð (Suðurbrekkka) Ásbrú - deiliskipulag (2025020233)

a2f arkitektar leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir hönd Kadeco fyrir Brekkubýggð (Suðurbrekkku), svæði sunnan við Skógarhverfi, austan Virkisbrautar að Flugvallarbraut. Byggingar verði 1-3 hæðir og blanda af sérbýli og fjölbýli með um 200 íbúðum alls af fjölbreyttri gerð. Markmiðið er að nýtt deiliskipulag á Suðurbrekkureit skapi heildstæða og hlýlega byggð einbýlishúsa, raðhúsa og lítilla fjölbýlishúsa. Tillagan var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga og gr. 5.6.2. í skipulagsreglugerð. Umsagnir bárust.

Samantekt umsagna og viðbrögð sveitarstjórnar lögð fram.

Skipulagsráð samþykkir deiliskipulagið og óskar eftir að Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun taki deiliskipulagstillöguna til athugunar skv. 1. mgr. 42. gr skipulagslaga.

2. Breiðbrautarreitur Ásbrú - deiliskipulag (2025020232)

Stúdíó Jæja leggur fram vinnslutillögu deiliskipulags fyrir hönd Kadeco fyrir Breiðbrautarreit sem afmarkast af Lindar-, Grænás- og Breiðbraut. Nýjar byggingar skapa skjól fyrir ríkjandi áttum, norðan og austanátt, en opnast að sama skapi til móts við suður og vestur. Þetta einfalda grunnstef tekur svo á sig ólíkar myndir þar sem það lagar sig að núverandi aðstæðum en með þessu móti tekst að skapa fjölbreytilegt byggðarmynstur með áhugaverðum sjónásum á milli ólíkra staða innan svæðisins. Tillagan var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga og gr. 5.6.2. í skipulagsreglugerð. Umsagnir bárust.

Afgreiðslu frestað.

3. Keilisbraut 753 – hjúkrunarheimili (2026060366)

Icelandic Home ehf. leggur fram erindi varðandi breytingu á tveimur fjölbýlishúsum með 81 íbúð í hjúkrunarheimili með 90 rýmum. Lóðirnar Keilisbraut 753 og 754 eru sameinaðar. Tillagan var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. grein skipulagslaga.

Athugasemd barst: Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið minnir á að Keflavíkurflugvöllur er bæði her- og borgaralegur flugvöllur. Vegna m.a. herflugs sem um völinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvöllinn. Í hljóðvistar-útreikningum svæðisins sem almennt er byggt á er ekki tekið tillit til herflugs. Því má búast við að raunhljóðvist sé slakari en útreiknað kort sýnir. Ástæða sé til að skoða nánar hvort þörf sé að skoða auknar kröfur á byggingarhönnun með tilliti til hljóðvistar.
<https://skipulagsgatt.is/issues/2026/838>

Töluleg gögn um hávaða með tíðni umferðar herflugvéla liggja ekki fyrir og því ekki hægt að meta hvort hljóðvist sé „slakari“ og þá hve „miklar hljóðvistarkröfur“ þarf að gera vegna þess að gögn um umhverfisáhrif starfseminnar, á núverandi 5000 íbúa byggð á Ásbrú, liggja ekki fyrir. Ábendingu er komið á framfæri við lóðarhafa sem bregst við á eigin ábyrgð.

Skipulagsráð samþykkir erindið.

4. Hafnargata 45 - niðurstaða grenndarkynningar (2026050242)

Vegna breytinga á annarri hæð hússins er sótt um nýjar svaðir á norðausturhlíð hússins vegna endurbættar flóttaleiðar frá efri hæð sbr. uppdrætti JeES arkitekta. Tillagan var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. grein skipulagslaga. Athugasemd barst.

Samkvæmt gögnum eru 2 metrar frá húsi að lóðamörkum. Sé um raunverulegt misræmi að ræða skal staðfesta lóðamörk og tryggja að svaðir séu innan þeirra marka.

Skipulagsráð samþykkir erindið.

5. Básvegur 9 - stækkun (2026070217)

Steinsteypusögun/kjarnab ME ehf. óskar eftir heimild til að byggja eina hæð ofan á núverandi húsnæði. Þar er gert ráð fyrir lager og kaffiaðstöðu sbr. uppdrátt Beims dags. 18. júní 2026.

Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 2. mgr. 44. grein skipulagslaga.

6. Sjávargata 38 - stækkun (2026070194)

Kolbrún Garðarsdóttir óskar eftir heimild til breytinga á fasteign sbr. uppdrátt Lúdika dags. 6. mars 2026. Breytingarnar felast í að skipta eigninni í tvö fasteignanúmer, annars vegar kjallaraíbúð og hins vegar íbúð á annarri og þriðju hæð, stækka lóðamörk um u.þ.b. 10 m. til suðurs og stækka kjallara um 31,4 m² brúttó ásamt minniháttar breytingum á innra skipulagi kjallara.

Skipulagsráð samþykkir að senda erindið í grenndarkynningu skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

7. Þórústígur 22 - viðbygging (2026070163)

Dominykas Milka óskar eftir að fjarlægja núverandi bílgeymslu og byggja tvær íbúðir. Núverandi bílgeymsla er um 40 m², íbúðir verða samtals um 91 m².

Skipulagsráð samþykkir að senda erindið í grenndarkynningu skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

8. Brekadalur 55 - stækkun á byggingarreit (2026070153)

Lóðarhafi óskar eftir breytingu á deiliskipulagi fyrir Brekadal 55. Byggingarreitur er stækkaður um 3 m. í vestur og 0,8 m. í norður. Byggingarmagn á lóð er aukið úr 220 m² í 268,4 m² sbr. uppdrátt Riss dags 20. janúar 2026.

Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 2. mgr. 43. grein skipulagslaga.

9. Vogshóll 4 - vinnubúðir (2026070320)

atNorth ehf. óskar eftir að reisa tímabundnar vinnubúðir á lóðinni Vogshóli 4, með erindi dags 30. júlí 2026. Lögð er til sú breyting á deiliskipulagi fyrir Vogshól og Sjónarhól, staðfest í sveitarstjórn 16. júní 2025, að heimilt verði að reisa tímabundnar vinnubúðir á lóðum innan deiliskipulagsmarka. Heimildin gildir til 18 mánaða á hverri lóð í hvert sinn. Óheimilt verði að gista á svæðinu.

Skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

10. Njarðvíkurhöfn - breyting á aðalskipulagi (2025120205)

Forsendur skipulagsbreytinga eru að stækka og endurbæta norðurhluta hafnarsvæðis Njarðvíkurhafnar sem hluta af því markmiði að efla hlutverk Njarðvíkurhafnar sem aðalþjónustuhöfn Reykjaneshafnar fyrir sjávarútvegstengda starfsemi. Þá er gert ráð fyrir uppbyggingu löndunarþjónustu fyrir smærri báta, sem krefst landfyllingar á svæðinu á milli Norður- og Suðurgarðs. Meginbreytingar felast í að Njarðvíkurhöfn (H4) er stækkuð um 1,5 ha. með landfyllingu á milli Norður- og Suðurgarðs. Einnig er ný afmörkun á hverfisvernd (HV30) fyrir byggð. Hverfisvernd felld niður á hafnarsvæðinu (H4). Óskað er heimildar til að auglýsa tillögu að breytingu aðalskipulags skv. 31. gr skipulagslaga.

Skipulagsráð samþykkir að tillagan verði auglýst eftir athugun Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:37.



Fundargerð

456. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
13. ágúst 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Ólöf Steinunn Lárusdóttir formaður, Alma Guðnadóttir, Erna María Jensdóttir, Halla Karen Guðjónsdóttir og Hermann Borgar Jakobsson.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Aðalheiður Hilmarsdóttir boðaði forföll og sat Erna María Jensdóttir fundinn í hennar stað.

* * *

1. Siðareglur kjörinna fulltrúa (2026050308)

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjaneshæ lagðar fram til kynningar. Markmið siðareglna er að skilgreina það háttæni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Reykjaneshæjar. Með undirritun sinni staðfesta bæjarfulltrúar og aðrir sem kjörnir eru til setu í ráðum og nefndum fyrir hönd Reykjaneshæjar að þau tileinki sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi við störf sín.

2. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs - fulltrúar (2022060216)

Skipan í áfrýjunarnefnd velferðarráðs:

Ólöf Steinunn Lárusdóttir er tilnefnd sem fulltrúi meirihluta í áfrýjunarnefnd velferðarráðs. Ólöf Steinunn Lárusdóttir lagði til Höllu Karen Guðjónsdóttur sem fulltrúa minnihluta í áfrýjunarnefnd. Aðalheiður Hilmarsdóttir gaf einnig kost á sér.

Við atkvæðagreiðslu hlaut Halla Karen Guðjónsdóttir fjögur atkvæði og Aðalheiður Hilmarsdóttir eitt atkvæði.

Ólöf Steinunn Lárusdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir eru því skipaðar fulltrúar velferðarráðs í áfrýjunarnefnd.

3. Málefni flóttafólks - svar við fyrirspurn (2024100122)

Svör við fyrirspurn Samfylkingar á fundi velferðarráðs 15. júní 2026 lögð fram.

4. Félagslegt húsnæði - skýrsla (2026080072)

Ársfjórðungsskýrsla um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis hjá Reykjaneshæ á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2026 lögð fram. Skýrslan veitir yfirlit um stöðu úthlutunarmála í sveitarfélaginu á viðkomandi tímabili og dregur saman helstu upplýsingar um umsóknir, biðlista og úthlutanir sem varpa ljósi á þróun málaflokksins.

5. Frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónustu vegna barna í fóstri (2026030115)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndar sat fundinn undir þessum dagskrárlið í gegnum fjarfundabúnað. Hún fór yfir helstu niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV) í frumkvæðisathugun þeirra á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónustu sveitarfélaga vegna barna í fóstri. Í skýrslunni koma fram 13 tilmæli til barnaverndarþjónustunnar í landinu um úrbætur og óskar GEV eftir því að barnaverndarþjónustur landsins upplýsi stofnunina um hvernig brugðist verði við þeim úrbótatillögum sem þar koma fram eigi síðar en 11. janúar 2027.

Velferðarráð felur starfandi úrbótateymi um úrbætur í barnaverndarþjónustu sem skipað var í apríl síðastliðnum að fara yfir úrbótatillögur GEV og leggja fram tillögur um hvernig brugðist verði við þeim innan þeirra tímamarka sem að framan greinir.

6. Skammtímavistun fatlaðra barna (2026030166)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir stöðu mála varðandi samstarf Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skammtímavistun fatlaðra barna.

Á 1563. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar í maí 2026 voru lagðar fram tillögur af hálfu velferðarsviðs Reykjanesbæjar, sem miðuðu að því að auka þjónustu skammtímavistunar fatlaðra barna, sem rekin er í Heiðarholti í samstarfi við Suðurnesjabæ, til að draga úr miklu og langvarandi álagi á aðstandendur þeirra barna sem bíða eftir skammtímadvöl og þeirra barna sem njóta takmarkaðrar þjónustu og eru á bið eftir viðbótarþjónustu.

Á þeim fundi var tillaga 1 sem fól í sér að bæta 25% stöðugildi við skammtímadvölinu í Heiðarholti samþykkt, en sú viðbót rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins 2026.

Tillaga 2 felur í sér að Suðurnesjabær leggur til húsnæði í Skerjaborg tímabundið með það að markmiði að hægt sé að auka skammtímadvalir í Heiðarholti og efla þjónustu við fötluð börn með miklar umönnunarþarfir. Skerjaborg yrði rekin sem hluti af skammtímadvöl Heiðarholts og yfirstjórn og skipulag starfseminnar í höndum forstöðumanns Heiðarholts. Suðurnesjabær hefur unnið áfram að þessari tillögu og ber kostnað vegna framkvæmda við húsnæðið. Gert er ráð fyrir því að rekstrarkostnaður skiptist á milli þeirra sveitarfélaga sem að rekstrinum koma á grundvelli íbúafjölda með sama hætti og í öðrum samreknnum þjónustuúrræðum á Suðurnesjum. Í samræmi við það er hlutdeild Reykjanesbæjar 78.91% eða 8.325.005 kr. á árinu 2026.

Velferðarráð óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2026 að upphæð 8.325.005 til að geta, í samstarfi við Suðurnesjabæ og sveitarfélagið Voga, dregið úr miklu og langvarandi álagi á aðstandendur þeirra barna sem bíða eftir skammtímadvöl og þeirra barna sem njóta takmarkaðrar þjónustu og eru á bið eftir viðbótarþjónustu í Heiðarholti á meðan unnið er að framtíðarlausn varðandi skammtímadvalir í sveitarfélaginu.

Velferðarráð vísar beiðni um viðauka skv. ofangreindu til bæjarráðs Reykjanesbæjar til afgreiðslu.

7. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - endurskoðun (2026070062)

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu vegna vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir svörum fyrir 21. september nk. frá sveitarfélögum sem ætlað er að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri

sveitarstjórnarstigsins. Bæjarráð fól sviðsstjórum að undirbúa drög að svari fyrir hvert ráð og leggja fyrir fyrsta fund í ágúst.

Velferðarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að vinna að svörum í samræmi við umræður á fundinum.

8. Mælaborð velferðarsviðs (2026020247)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti mælaborð annars ársfjórðungs 2026.

Velferðarsvið er á fyrstu 6 mánuðum ársins 0,1% umfram fjárhagsáætlun 2026 eða sem svarar -1.267.492 kr. Tekjur eru 6,7% umfram áætlun, laun og launatenglar eru 0,4% yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður 0,6% yfir áætlun.

9. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur – tölulegar upplýsingar (2026020248)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í maí og júní 2026 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð í maí

Í maí 2026 fengu 84 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 10.670.872 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 127.034 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 23.

Í maí 2025 fengu 137 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 19.104.848 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 139.451 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 47.

Fjárhagsaðstoð í júní

Í júní 2026 fengu 77 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 12.546.180 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 162.937 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 25.

Í júní 2025 fengu 118 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 16.920.045 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 143.390 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 47.

Sérstakur húsnæðisstuðningur í maí

Í maí 2026 fengu 267 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.683.606 kr.

Í sama mánuði 2025 fengu 284 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.888.378 kr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur í júní

Í júní 2026 fengu 240 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 5.646.639 kr.

Í júní 2025 fengu 277 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.523.948 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í maí 2026 var haldinn 1 fundur í áfrýjunarnefnd og 11 erindi lögð fyrir nefndina. 7 erindi voru samþykkt, 2 erindum synjað og 1 erindi frestað. Jafnframt var lögð fram til kynningar niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála þar sem úrskurðarnefnd staðfestir vinnulag Reykjanesbæjar um að afgreiðsla umsóknar um fjárhagsaðstoð hafi verið í takt við reglur Reykjanesbæjar og vinnsla málsins í takt við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Skýrt mat hafi verið lagt á félagslegar aðstæður og markviss félagsleg ráðgjöf veitt í málinu.

Engir fundir voru haldnir í áfrýjunarnefnd í júní og júlí 2026.

10. Fjárhagsáætlun 2027-2030 - undirbúningur (2026070036)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór fyrir undirbúning vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:26.



Fundargerð

2. fundur umhverfis- og framkvæmdaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
14. ágúst 2026, kl. 08:30

Viðstaddir: Guðbergur Reynisson formaður, Brynjólfur Sveinn Ívarsson, Eysteinn Eyjólfsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Einar Þór Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Arnar Þór Smáráson, verkefnastjóri framkvæmda veitna, Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Bjarni Þór Karlsson verkefnastjóri framkvæmda, Einar Jónsson forstöðumaður umhverfismiðstöðvar, Berglind Ásgeirsdóttir garðyrkjustjóri og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir 5-0 að setja á dagskrá málið **Fundargerð samráðshóps um hringrásariðngarð í Helguvík og Bergvík HB64 (2023100396)**, fjallað var um málið undir dagskrárlið 12.

* * *

1. Mælaborð umhverfis- og framkvæmdasviðs (2026060250)

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, kynnti mælaborð umhverfis- og framkvæmdasviðs fyrir annan ársfjórðung ársins 2026.

2. Kynning deildarstjóra á starfsemi (2026060363)

- Guðlaugur Helgi Sigurjónsson deildarstjóri kynnti starfsemi umhverfisdeildar.
- Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri kynnti starfsemi eignaumsýslu.
- Arnar Þór Smáráson verkefnastjóri kynnti starfsemi veitna sveitarfélagsins.

3. Samningur um skógrækt (2026020494)

Samningur um skógrækt á milli Reykjanesbæjar og atNorth ehf. sem var samþykktur á 1546. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann. 8. janúar 2026 lagður fram til kynningar.

4. Náttúruverndarnefnd Reykjanesbæjar (2026080092)

Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára í senn. Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna og velur jafnframt formann og setur nefndinni erindisbréf. Setja þarf á laggirnar Náttúruverndarnefnd Reykjanesbæjar en lagt er til að umhverfis- og framkvæmdaráð verði Náttúruverndarnefnd og taki að sér verkefni og starfsemi nefndarinnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar erindinu til forsetanefndar þar sem erindisbréf ráðsins þarf að endurspeglar framkomna tillögu.

5. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - endurskoðun (2026070062)

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu vegna vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir svörum fyrir 21. september nk. frá sveitarfélögum sem ætlað er að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins. Bæjarráð fól sviðsstjórum að undirbúa drög að svari fyrir hvert ráð og leggja fyrir fyrsta fund í ágúst.

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur sviðsstjóra að leggja fram tillögu að svörum umhverfis- og framkvæmdasviðs.

6. Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs (2022110379)

Tillaga að verklagi samráðsnefndarinnar lögð fram.

7. Umhverfisviðurkenningar 2026 (2026060377)

Nefndin fór yfir framkomnar tilnefningar frá íbúum. Viðurkenningar verða afhentar á Ljósanótt.

8. Ásahverfi – umferðaröryggi (2026050289)

Umhverfis- og framkvæmdaráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Á 1. fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs samþykkti ráðið, í kjölfar þess að hafa tekið við undirskriftalista frá íbúum hverfisins, að ráðast í aðgerðir til að auka umferðaröryggi í Ásahverfi. Aðgerðirnar fólust meðal annars í lokun Bergáss að norðanverðu vegna sívaxandi gegnumaksturs um götuna og vísbendingar eru um að jákvæð breyting hafi orðið á umferð um hverfið.

Lokun Bergáss er þó aðeins fyrsta skrefið. Enn er mikilvægt að bæta aðgengi bæði akandi og gangandi vegfarenda inn og út úr hverfinu, enda hefur aukin umferð á Njarðarbraut skapað þar verulegar áskoranir.

Þótt sambærilegar áskoranir séu víðar í bænum telur ráðið mikilvægt að halda áfram markvissum úrbótum. Ráðið ítrekar mikilvægi fyrirhugaðra framkvæmda við bráðabirgðahringtorg á gatnamótum Bergáss og Njarðarbrautar, lagningu göngustíga frá Fitjum og Ásahverfi sem tengja Fitjabakka og Fitjabraut við göngustígakerfið, sem og fyrirhuguðum undirgöngum undir Grænásbrekku fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Jafnframt leggur ráðið áherslu á að framkvæmdum við svokallaðan ofanbyggðaveg verði flýtt, sem myndi liggja frá Vallarási að Grænásvegi sunnan Reykjanesbrautar. Slík tenging myndi draga enn frekar úr gegnumumferð um íbúagötur og bæta umferðaröryggi í hverfinu.

Á fyrsta fundi ráðsins var einnig samþykkt að loka fyrir vinstri beygju af Grænásvegi inn á Njarðarbraut. Sú breyting hefur nú tekið gildi. Á næstu dögum verða jafnframt gerðar þrengingar á norðvesturhorni gatnamótanna til að bæta öryggi gangandi vegfarenda enn frekar.

Ráðið áréttar að þessar breytingar eru bráðabirgðalausnir á meðan unnið er að hönnun varanlegra úrbóta á þessum fjölförnu gatnamótum og hvetur jafnframt til þess að þeirri vinnu verði hraðað.

9. Umræður um útivistar- og umhverfismál (2026080102)

Lagðar eru fram tillögur að heildstæðri úttekt á gangstígakerfi sveitarfélagsins með það að markmiði að vinna að úrbótum og forgangsroðun verkefna.

Lagt fram. Sviðsstjóra falið að fara yfir fyrirbyggjandi úttekt og skýrslu í umferðaröryggismálum og stöðu aðgerðaáætlunar á næsta fundi.

10. Fjárfestingaverkefni 2027 (2026080103)

Sviðsstjóri fer yfir þau fjárfestingarverkefni sem þarf að taka afstöðu til vegna gerðar fjárhagsáætlunar 2027.

11. Tillaga að fundartímum umhverfis- og framkvæmdarráðs (2026060120)

Umhverfis- og framkvæmdaráð ræddi tillögu að fundartímum ráðsins.

12. Fundargerð samráðshóps um hringrásariðngarð í Helguvík og Bergvík HB64 (2023100396)

Fundargerð samráðshóps um hringrásariðngarð í Helguvík og Bergvík HB64 lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:47.